



Fundargerð 84. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 05. júní 2014 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Jón Jóhannsson, Sævar Örn Kristjánsson, Gylfi Ingvarsson, Gunnar S. Gunnarsson, Þorsteinn Hjálmarsson og Guðmundur Sigurvinsson

Fjarverandi:, Guðmundur Helgi Þórarinsson

Dagskrá :

- Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 83.** Fundargerð samþykkt og undirrituð.
- Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála**
 - Nýr aðaltrúnaðarmaður er kominn í Straumsvík. en hann heitir Sigurður Halldórsson og er félagsmaður okkar. Gylfi verður með honum til að byrja með en mun láta af störfum í samráði við fyrirtækið eftir 42ja ára starf þar af 25 ár sem aðaltrúnaðarmaður.
 - Á Sjómannadaginn var Pétur Kristjánsson heiðraður, hann var lengi á Frera. Guðni Þór Elísson fékk Neistann og var hann afhener í hans heimabyggð, Eskifirði.
 - Gengið hefur verið frá samningi við Faxaflóahafnir,
 - Gengið hefur verið frá samningi við Neptún og fá þeir 3% hækkun.
 - VM fékk önnur iðnaðarmannafélög til að slíta sig frá SGS og ASÍ vegna samninga við sveitafélögin, þar er nýtt starfsmat sem kemur illa niður á iðnmenntuðu fólki.
 - Viðræður eru í gangi vegna Herjólfis, Baldurs og fleiri sem eru í siglingum innanlands. Vandamálið er samningurinn við SA, launataflan er ekki í samræmi við raunveruleikann. Skipafélögin gera persónubundna samninga við sína menn.
 - Skrifað hefur verið undir samkomulag við LÍÚ um nýtt fiskiskip Ramma sem verður síðan hluti af aðalkjarsamningi þegar þar að kemur. Passa verður upp á hlut vélstjóra á þessari nýju tegund af skipum.
 - Kjarasamningur vegna LHG og Hafró er kominn af stað. Mikil leiðindi og vandamál komu upp vegna launamála við leigu á Tý til Svalbarða.
 - Fundur fékkst loksins við SA vegna okkar mála. Fundurinn var góður og við erum komin með ákveðið frumkvæði gagnvart þeim.
 - Gullsmiðir komu á fund og málið er ekki að þeir ætli eitthvað sérstaklega að sameinast okkur heldur bara ganga í félagið þ.e. þeir sem eru launþegar.
 - Skrif sögu vélstjórastéttarinnar gengur vel og mikið af nýjum heimildum í henni.

3. **Styrktarsjóður VM á Ísafirði.** Sjóðurinn er á ábyrgð félagsins en stjórnað af heimamönnum. nú eru bara Vestmannaeyjar og Suðurnesin eftir.
4. **Samningur um starfsþjálfun vélstjórnarnema.** Þessi samningur er ágætis plagg en skipafélögin eru erfið með nemalaun. Við getum ekki tafið samninginn vegna launamála. Skrifað verður undir í næstu viku. Mikið verk er samt framundan við að aðlaga framkvæmdina að íslensku vinnuumhverfi.
5. **Sjómannadagsráð, staða mála.** Aðalfundur Sjómannadagsráðs var um daginn. Undirliggjandi er að Sjómannafélag Íslands ætli áfram að eiga formanninn og þá kemur bara einn sem kemur til greina og það má bara ekki gerast. Ljóst er að við þurfum að beita okkur meira, þarna er mikið magn af peningum og við erum með stæstu eigendunum. Fulltrúafyrirkomulaginu þarf að breyta.
6. **Fundur samninganefnda VM.** Fundir vorum með samninganefndum, ekkert er búið að gerast og ekkert er að gerast. Fundað verður aftur í byrjun september. Rætt var um að setja þyrfti reglur um verkfallssjóðinn og skipuð var nefnd til þess. Unnar verða tillögur og lagðar fyrir stjórn.
7. **Yfirlit yfir fjárvörslu VM.** Lagt var fram til upplýsinga eignastýringaryfirlit fyrir fyrstu 3 mánuði ársins frá Íslandsbanka, Arion banka og Virðingu. Staðan hjá öllum er neikvæð en vonandi lifnar nú eitthvað yfir þessu þegar líður á árið.
8. **Lagt fram til upplýsingar.** Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 74/2012,
9. **Önnur mál.**
 - Rætt var um að setja yrði fjöldamörk á launaðar nefndir innan félagsins. Það var samþykkt.
 - Framkvæmdirnar á Laugarvatni ganga vel og stefnt er að því að opna nýja hlutan tjaldsvæðisins vorið 2015 og þá á þjónustuhúsið líka að vera klárt. Ný staða er komin upp með Hraunborgir, ekki er hægt að selja enn sem komið er en verið er að vinna tillögur svo félög geti selt sig út úr þessu batteríi. Spurning hvort ekki verður farið í að lappa upp á húsið svo hægt verði að setja það í leigu næsta sumar.
 - Bent var á að það þyrfti að slá á Syðri Reykjum og kíka aðeins á gróðurinn.
- Fundi slitið kl. 13:25